

10. nóvember, 2021.

Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Umsögn veitir: Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Athugasemdir þessar nær einkum til beitarhluta reglugerðarinnar.

Reglugerðin er sett samkvæmt ákvæðum landgræðslulaga (155/2018), þar sem hugtakið „landbótaætlunir“ er enn fremur skilgreint. Með setningu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu er tækifæri til að færa stjórnarsýslu er varðar beitarnýtingu á Íslandi til nútímahorfs á traustum faglegum grunni. Á því er brýn þörf eins og lengi hefur legið fyrir samkvæmt viðamiklum rannsóknum og faglegum rökum. Það gengur ekki byggja framtíð beitarnota á ósjálfbærri landnýtingu að hálfu stjórnvalda, landnotenda og allra annarra hagaðila, hvað þá að almenningur styrki framleiðslu sem byggir á ósjálfbærri landnotkun. Mál er til komið að losna úr viðjum slíkrar hugsunar!

Yfirlit

Fagna ber þessum tillögum því þær byggja á faglegri þekkingu á ástandi íslenskra vistkerfa. Mikilvægt er að skilgreina ástand í samhengi við vistgetu eins og gert er í takt við alþjóðlega og innlenda þekkingu og aðferðafræði.

Vísað er í landgræðslulög um ítölu (155/2018, 12. gr.), með tilvísun í fullkomlega úrelt lög um afréttarmálefni og fjallskil (6/1986, að stofni til mun eldri lög). Vitaskuld ætti ferlið að rúmast innan landgræðslulaga og reglugerða sem þeim fylgja og gerð ítölu verður að miða við þau sjálfbærni viðmið sem gefin verða út í reglugerðinni.

Drögin lofa góðu í núverandi formi en bjóða hugsanlega upp á áframhaldandi misnotkun á hugtakinu „landbótaáætlun“ eins og nú er. Bæta verður ákvæðum og skilgreiningum sem koma í veg fyrir slíka misnotkun.

Æskilegt að rekja enn betur eða vísa til hvað sjálfbær landnýting felur í sér; sjálfbærni hugtakið tekur til margra þátta, m.a. hagrænna þátta, ásættanleika o.fl. Fjalla ætti um grunnstoðir sjálfbærrar landnýtingar (FAO). Það er stenst ekki faglega skoðun að land sem er í slæmu ástandi en einhverri framför sé talið hæft til nýtingar eins og haldið er á lofti af ýmsum landnotendum, - m.a. í gagnrýni sem fram er komin á þessi reglugerðardrög.

Beitarnýting á viðkvæmum illa förnum afréttum veldur mikilli losun gróðurhúsalofttegunda, enda ekki sjálfbær landnýting. Losunin hefur áhrif á hvort nýting telst sjálfbær eða ekki. Telja þarf fram losun á illa förnum svæðum til Loftslagssamningsins ef þau eru beitt, sem gæti kostað þjóðina gríðarlega fjármuni. Reglugerðin er rétt skref fram á við til að sporna við svo ósjálfbærri landnýtingu.

Mikilvægt er að skilgreina hugtakið „hagaðilar“ í orðskýringum, en þeir telja víðan hóp almennings, samtaka almennings, fagaðila, stjórnarsýslu o.fl. – hagaðilar telja alls ekki aðeins þá er reka sauðfé á afrétti og þjóðlendur.

Mikilvægi – og fagleg vinnubrögð

Það er æði brýnt að setja reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem byggð er á grunni faglegrar þekkingar og faglegs skilnings á hugtakinu „sjálfbær landnýting“. Reglugerðardrögin eru mikilvægt spor í þessa átt. Ég legg á það áherslu að nauðsynlegt er að tryggja vægi faglegrar þekkingar á ástandi lands við frekari þróun reglugerðarinnar.


Viðmið almennt ættu að vera ennþá strangari til þess að reglugerðin standist tímans tönn en verði ekki uppspretta eilífra deilna, sem getur grafið undan sauðfjárbúskapi á Íslandi. Gott beutiland er sjálfsgat að nýta, en illa farið land ekki – reglugerðin verður einfaldlega að tryggja það.

C Mat visteininga. Landbótaáætlanir

Framlögð drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu tíunda vel og nákvæmlega visteiningar (landspildur) þar sem nýting gæti farið fram með sjálfbærum hætti. Flokkun byggir á traustum faglestum grunni, þar sem nýting á visteiningum sem falla í flokkum A, B1.4, B2.3 og B2.4 telst ekki sjálfbær

C-I. Beutiland í sjálfbærri landnýtingu

Hér er gerð sjálfsgöð krafa um að beutiland sé gróið, að það sé undir ákveðnum hæðarmörkum og án annarra takmarkana, m.a. er varðar halla. Farin er sú leið að nota 600 m hæð til að afmarka æskileg beitarvæði. Hæð hefur áhrif á veðurfar, ekki síst hitasummu sumars, sem takmarkar vöxt gróðurs. Sannleikurinn er þó sá að hitasumman er mjög háð legu og er mun lægri út til stranda, ekki síst á norðanverðu og norðaustanverðu landinu og á Vestfjörðum. Á meðfylgjandi mynd eru sett fram fagleg gögn sem sýna aðéttara væri að miða við 3-400 m á þessum svæðum, t.d 400 m almennt með undantekningum upp í 600 m hæð á vel grónum svæðum inn til landsins þar sem hitasumma sumars er sannarlega hærri (og gróðurlendi fyrir hendi). Svæði sem standa hátt framleiða lítið og þola litla beit og því ættu enn strangari viðmið að eiga hér við.



Tengsl á milli GróLindar einkunna (1 verst, 5 best ástand) þar sem skilið er á milli landshluta. P: Vestfirðir og annes norðan- og austanlands; E: Austurland, N: Norðurland; S: Suðurland og Vesturland. Gildin eru fengin úr um 500 svæðum hvert 0,25 ha að stærð sem dreift var tilviljanakennt um landið. **Skálinur** sýna fallið (tengslin) og hvar það sker GróLindargildi 3 (lægri gildi ekki beitarhæf) og benda til að 400 m hæðarlína sé betra almennt viðmið en 600 m hæðarlína, en með frávikum á tilteknum svæðum. **Lóðréttar línur** sýna hámark fyrir gildi betri en 3. Nær engin GróLindargildi hærri en 3 er að finna á Vestfjörðum og annesjum norðanlands ofan u.þ.b. 420 m hæðar og ofan u.þ.b. 530 m hæðar á Suðurland og Vesturlandi. Mikill munur er á milli landshluta og ljóst að 600 m hæðarmörk í reglugerðinni eru allt of há. (Rannsókn í birtingarferli, ÓA fyrsti höfundur).

C-II Beutiland á leið í sjálfbæra nýtingu (hnignað ástand – Landbótaáætlunar krafist)

Þar sem sýnt þykir að bæta megi landið innan 20 ára þannig að það standist ákvæði um land í nægjanlega góðu ástandi er hægt að gera landbótaáætlun sem miðar að því. Ella er landið ekki nýtilegt til beitar (flokkur B2.3, nýting „telst ekki sjálfbær“). Hér er settur mikilvægur varnagli, land sem þarf að laga má ekki vera meira en 30% nýtingarsvæðisins. Það er ansi rúmt viðmið, of rúmt að mínu mati. Tryggja þarf að landbótaáætlanir standist þannig að hafið sé yfir vafa að viðunandi árangur náist á þessum tíma. Annars leiðir þessi grein til grófrar misnotkunar eins og gert er í núgildandi kerfi – þar sem í raun þarf beit hvergi á landinu að standast viðmið, sama hvað ástandið er slæmt (sem er æði sérstakt) ¹.

C-III. Land í ósjálfbærri landnýtingu.

Land sem hentar ekki til beitar – og mun ekki ná eðlilegu ástandi innan 20 ára samkvæmt landbótaáætlun – ætti alls ekki að skilgreina sem beitiland. Þetta ætti að vera mun skýrar en nú er í drögum að reglugerð. Henti landið ekki til beitar vegna slæms ástands er ekki sjálfsagt að krefjast landbótaáætlunar (þeirra sem hyggjast nýta landið áfram), rétta skrefið er einfaldlega friðun landsins og gerð landgræðslu- eða vistheimtaráætlana. Það er fráleitt að þeir fáu sem geta ekki nýtt landið til beitar af þessum sökum (sauðfjorbændur) séu skyldaðir til að gera landbótaáætlun, enda ættu áætlanir á slíkum svæðum miðast að endurheimt landgæða og aðra notkun en til beitar á breiðum samfélagsgrunni. Það væri á forræði samfélagsins í heild (á landsvísu og heima í héraði – t.d. Þjóðlendur).

Um ósjálfbæra landnýtingu.

Viðmið á borð við þau sem hér um ræðir eru í notkun samkvæmt gildandi reglugerð fyrir landnýtingarþátt um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu (L-GST). Sú reglugerð setur í raun ramma um beitarnýtingu sauðfjár í landinu og er sett af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Eðlilegt er að ráðuneyti umhverfismála hafi hér forræði í framhaldi af birtingu þessarar reglugerðar, sem ætla má að hafi verið ætlunin, samkvæmt greinargerð með frumvarpi um lög um landgræðslu. Hér þarf að huga að breytingu frá núverandi drögum reglugerðarinnar. Ekki síst í ljósi þess að viðmið sett af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fyrir gæðastýringuna og sem eru í gildi í dag brjóta í bága við fagleg sjónarmið og var mótmælt af Landgræðslunni (skjalfest ^{1, bls. 51-58}). Misbeiting landbótaáætlana í núverandi framkvæmd gæðastýringarinnar flokkast sem einn helsti umhverfisvandi landsins samkvæmt rökstuddu faglegu mati undirritaðs ^{1,2 bls. 15}.

Því verður setja reglugerð um L-GST landbótaáætlanir á hendur fagstofnunarinnar (Landgræðslunni) með formlegum hætti í þessari reglugerð. Á það skal bent að hugtakið „landbótaáætlun“ er skilgreint nú samkvæmt landgræðslulögum og væntanlegri reglugerð um sjálfbæra landnýtingu og því ætti annað stjórnsluvald ekki fara með frekari útfærslu á viðmiðum í landbótaáætlunum enda þótt slík reglugerð í heild geti verið sett af öðru ráðuneyti að öðru leiti. Ljóst er að eldri landbótaáætlanir, sem settar eru samkvæmt gömlum viðmiðum áður en lög um landgræðslu (155/2018) tóku gildi, skulu falla úr gildi og ætti það að koma fram í reglugerðinni. Enda gengur ekki að tvö kerfi undir sitt hvoru ráðuneytinu séu í gildi við útfærslu á landbótaáætlunum, hugtak sem nú á sér stoð í lögum um landgræðslu (4. gr. 155/2018).

Hagaðilar

Sjálfbær landnýting varðar ekki aðeins land í einkaeigu, heldur svæði í sameiginlegri eign (sveitarfélög o.fl.) og stórar samfelldar lendur í eigu þjóðarinnar. Hafa skal í huga að beitarnot er langsamlega stærsti áhrifaþátturinn fyrir ástandi vistkerfa á áfréttarsvæðum og þjóðlendum. Oft eru það mjög fáir aðilar sem reka á stór illa farin afréttarsvæði sem hafa fjölbreytt önnur gildi sem

auðlindir fyrir fjölbreytta „hagsmunahópa“. Ljóst er að á seinni stigum við vinnslu reglugerðarinnar hefur aðeins verið samráð við einn hóp hagaðila er kemur að reglugerð er varðar beit – sauðfjárbændur (staðfest í skriflegu svari Landgræðslustjóra til undirritaðs) – sem endurspeglar gamaldags hugsun sem brýnt er að breyta.

Upplausn landupplýsinga

Í drögunum er talað um kortlagningu í mælikvarða 1:25 000 til 1:100 000. Vistgerðakort og gögn GróLindar eru í góðum mælikvarða og eru tilnefnd annars staðar í reglugerðinni sem tæki og viðmið. Sem og gögn Nyttjalds. 1:100 000 er allt of grófur mælikvarði fyrir vinnu af þessu tagi. Betra væri að ráðleggja 1:25 000 eða betri og ekki grófari en 1:50 000.

Ítala

Á undanförunum áratugum hefur komið í ljós að lög um ítölu hafa ekki reynst það haldreipi sem nauðsynlegt er til að tryggja sjálfbæra nýtingu landsins. Þvert á móti hafa lög um ítölu tryggt áframhaldandi nýtingu þar sem óháð fagfólk sem og Landgræðslan hafa talið að ekki eigi að beita (dæmi: Þjóðlendan Almenningar). Samkvæmt núverandi landgræðslulögum er vísað til laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. (6/1986, í grunnin mun eldri lagasetning) sem telja verður fullkomlega úreltan lagabálg sem illa hefur gengið að nota í tengslum við landnýtingu – frekar má segja að löggin hafi aukið vandamál og deilur er varða lausagöngu búfjár, ágang fjár á aðra landnotendur o.s.frv. Mikilvægt er að setja ítölunefndum faglegar skorður og um samsetningu og hlutleysi úrskurðarnefnda. Þá er mikilvægt að þau faglegu sjónarmið og skipting lands í einingar sem sett er fram í reglugerð um sjálfbæra landnýtingu séu undirstaða starfs ítölunefnda.

Eðlilegt verður að teljast að allur sá ferill sem ætlað er að tryggja sjálfbæra nýtingu landsins falli undir einn lagabálg og reglugerðir sem honum fylgja. Því er óeðlilegt að endanlegur úrskurðarferill falli undir lög um ítölu undir öðrum (mjög úreltum) lagabálki sem ekki hefur reynst vel við að tryggja eðlilega beitarnýtingu.

Sjálfbær landnýting, grunnstoðir og hagkvæmni

Nýting á illa förnu landi getur aldrei talist sjálfbær nýting og bæði 6. gr. reglugerðarinnar sem og 1. gr. 1 í Viðauka 1 undirstrika það – sem er afar mikilvægt. Enda má útfærsla á viðmiðum samkvæmt reglugerð um sjálfbæra landnýtingu ekki misnota sjálfbærni hugtakið.

Nokkuð ber þó á vilja landnotenda til slíkrar misnotkunar, m.a. í innsendum athugasemdum við reglugerðardrögin og því rétt að víkja nánar að þessu atriði í umsögn minni. Hugtakið hefur áður verið misnotað við framkvæmd L-GST eins og tíundað er rækilega í riti Lbhí nr. 118¹ bls. 45-47. T.d. með því að telja að óhætt sé að beita á illa farna útjörð ef landinu fer eitthvað fram. Það er óásættanlegt viðmið, bæði út frá hugsuninni um sjálfbærni frá sjónarmiði FAO (sjá hér neðar), en einnig vegna stutts tímaskala (langt er á milli áfalla sem í raun ráða framvindu, ekki stuttir tímaskalar – en afturför getur verið afar hröð). Framvinda verður margfalt hægari og fylgir ekki eðlilegum framvinduferlum þegar illa farið land er beitt. Slík nýting getur einnig stuðlað að mikilli losun á CO₂ úr moldarleifum á stórum svæðum, sem síðan getur kostað þjóðina gríðarlega fjármuni vegna þátttöku í Loftslagssamningi SP o.fl.

Þá er rétt að hafa í huga að FAO hefur skilgreint stoðir (e. pillars) fyrir sjálfbæra landnýtingu sem eru framleiðni, öryggi, verndun, raunhæfni, ásættanleiki (sjá Eftirmál 1). Nýting á illa förnu landi gengur gegn öllum stoðum sjálfbærni eins og þær eru skilgreindar af FAO.

Hagkvæmni beitarnýtingar með tilliti kostnaðar og afurða í kjöti er mjög neikvæð þegar kemur að beit á stórum afréttarsvæðum og þjóðlendum í slæmu ástandi (iðulega mun og jafnvel margfalt lægri krónutala fyrir afurðir en sem nemur tilkostnaði).

Beit á illa förnum afréttarsvæðum losar mikið magni CO₂ út í andrúmsloftið (sjá rit Lbhí nr. 133). Losun gróðurhúsalofttegunda hefur sannarlega áhrif á hvað getur talist sjálfbær landnýting eða ekki – en því sér engan stað í þessum drögum að reglugerð. Losunin varðar hag þjóðarinnar allrar og unnt er að setja verðmiða á losunina (t.d. markaðsverð á tonn CO₂). Sú upphæð getur numið tugum eða hundruðum milljónum króna fyrir stór illa farin afréttarsvæði og þjóðlendir (2,5-32 milljarðar á ári frá illa förnu mólendi á landinu öllu á ári, eftir forsendum, sjá rit Lbhí nr. 133³, bls. 43). Á móti kemur að ágóði af bindingu CO₂ við friðun og skipulega endurheimt náttúrulegra vistkerfa getur numið 0,6 – 27 milljörðum kr. á ári á 1000 km² af friðuðu illa förnu afréttarlandi sem stendur sæmilega lágt (háð mörgum forsendum, sama heimild). Hófleg beit á afréttum í góðu ástandi við hagstæð loftslagsskilyrði (lágt í landi, nægjanleg úrkoma o.s.frv.) getur aftur á móti skilað kolefnisbindingu og jákvæðu kolefnisspori framleiðslu.

Þessar forsendur fela það glögggt í sér að beit á illa förnum afréttarsvæðum stenst engan veginn kröfur sem gera verður til sjálfbærrar landnýtingar. Reglugerðin verður að mynda skýran farveg fyrir friðun landsvæða þar sem beitarnýting stenst engan veginn kröfur um að geta talist „sjálfbær landnýting“. Sá farvegur er fyrir hendi í þessum reglugerðardrögum en mætti vera skýrari.

Lokaorð

Setning reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu með nútímalegum aðferðum og skilningi á ástandi lands er mikilvægt skref. Síðustu hálfu öld hefur af og til kviknað vonarglæta í þá veru að stjórnvöld ætli að taka á ósjálfbærri beitarnýtingu í landinu, en þær hafa sloknað jafnharðan. Drögin lofa góðu í núverandi formi en þjóða hugsanlega upp á áframhaldandi misnotkun á hugtakinu „landbótaáætlun“ eins og nú er. Bæta verður ákvæðum og skilgreiningum sem koma í veg fyrir slíka misnotkun eins og stungið er upp á í þessum athugasemdum. Sjálfbærni nýtingar verður einnig að taka til loftslagsmála, beitarnýting sem stuðlar að mikilli losun gróðurhúsalofttegunda getur ekki talist sjálfbær. Þá er brýnt að víkka út hugtakið „hagaðilar“ þannig að það takmarkist ekki við „örfáa“ eigendur sauðfjár á þeim svæðum sem verst eru fallin til beitarnota – almenningur, sveitarfélög, þjóðin eru eigendur stórra afréttarsvæða og þjóðlendna. Reglugerðin verður að mynda skýran farveg fyrir friðun landsvæða þar sem beitarnýting stenst engan veginn kröfur um að geta talist „sjálfbær landnýting“.

Ólafur Arnalds

Umsagnaraðili er prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, sem veitir umsögnina á grunni faglegrar þekkingar og starfs er snertir þetta viðfangsefni um áratuga skeið. Ólafur ber einn ábyrgð á þessari umsögn.

Heimildir

1. Á röngunni. Alvarlegir hnökur á framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt. Rit Lbhí nr. 118. Ólafur Arnalds 2019. https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbhí_nr_118.pdf
2. Ástand lands og hrun íslenskra vistkerfa. Rit Lbhí nr. 130. Ólafur Arnalds 2020. https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbhí_nr_130_Ástandsrit.pdf
3. Loftslag, kolefni og mold. Rit Lbhí nr. 133. Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson 2020. https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbhí_nr_133_loftslag_og_mold_oa_2020.pdf

Eftirmál 1. Stoðir sjálfbærni. Kafli úr riti Lbhí nr. 118.¹

Talað er um fimm markmið eða stoðir (e. objectives/pillars) fyrir sjálfbæra landnýtingu, sem eru i) framleiðni, (e. production), ii) öryggi, (e. security), iii) verndun (e. protection), iv) raunhæfni (e. viability), og v) ásættanleiki (e. acceptability) (sjá Smyth og Dumanski 1993; FESLM „An international framework for evaluating sustainable land management“; FAO meginrit um sjálfbæra landnýtingu). Þessi markmið hafa einnig verið nefndar meginstoðir (e. pillars) fyrir sjálfbæra nýtingu. Eftirfarandi er að hluta byggt á umfjöllun FAO um þessi markmið en jafnframt kemur umræða og ályktanir um framkvæmd L-GST (landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjárrækt) í ljósi hvers markmiðs.

i) Framleiðni (e. production) tekur til fleiri atriða en framleiðslu eða uppskeru landbúnaðarlands, hér er einnig horft til ágóða af verndun lands, fegurðargildi, útivist, heilbrigði, kolefnisbindingu o.fl.

Með beit á illa fögnu landi er lágmarksframleiðni einungis viðhaldið. Ekki er tekið tillit til landheilsu, sem skilgreina má með næringarforða, uppskeru, vatnsmiðun og öðrum þáttum. Sjónarmið í framkvæmd L-GST standast ekki þetta viðmið FAO.

ii) Öryggi (e. security) miðast við jafnvægi milli landnýtingar og ástands landsins, þar sem áhersla er lögð á að minnka hættu á landhnignun vegna nýtingarinnar.

Á illa fögnu landi er alls ekki hægt að ræða um jafnvægi milli landnýtingar og ástand landsins því jafnvæginu hefur þegar verið raskað. Þá hefur þanþol landsins verið minnkað og það er því mun viðkvæmara fyrir áföllum á borð við gjóskugos eða köld ár. Illa farið land hefur misst eiginleika sína til vatnsmiðlunar, sem er eitt undirstöðuatriði þess að viðhalda öryggisþættinum. Rétt er að taka fram er varðandi fæðuöryggi, að ljóst er uppbygging hruninna auðlinda skapar aukna möguleika á fæðuframleiðslu, sem og á öðrum þáttum í þjónustu vistkerfa

iii) Verndun (e. protection). Jarðvegs- og vatnsauðlindir verður að vernda af sanngirni fyrir komandi kynslóðir.

Á illa fögnu landi hefur auðlindum jarðvegs og vatns (og gróðurs og dýralífs) heldur betur verið raskað (framleiðni, þjónusta vistkerfa líffjölbreytileiki, genabreytileiki, plöntutegundir og samfélög, dýrategundir, þ.á.m. í mold). Jarðvegurinn er að mestu farinn eða í mjög hnignuðu ástandi. Hér hlýtur að koma til álita frekari útfærsla á hugmyndum um sjálfbærni sem birtast í *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna* (oft líka nefnd *Sjálfbærnimarkmið*; e. sustainable development goals), þar sem mörg markmiðanna beinast að því að endurheimta illa farið land (sjá síðar). Verndunin sem og *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna* lúta einnig að gróðurhúsalofttegundum og loftslagsbreytingum og þar er lögð áhersla á vistheimt (e. ecological restoration). Því til áréttingar má benda á að næsti áratugur verður yfirlýstur áratugur vistheimtar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

iv) „Raunhæfni“ (e. viability). Ef nýtingin er ekki raunhæf mun henni að lokum verða hætt sökum skorts á auðlindum, en einnig út frá arðbærnisjónarmiðum samfélagsins o.s.frv.

Ef litið er á auðnir sérstaklega, þá er ástand landsins orðið þannig að mjög hefur verið gengið á allar auðlindir þess. Nýting þess er óraunhæf og arður af landýtingunni er enginn. Nýting landsins getur alls ekki talist raunæf með tilliti til sjálfbærni.

v) „Ásættanleiki“ (e. acceptability). Tiltekin landnýting getur brugðist með tímanum ef áhrif nýtingarinnar er óásættanleg fyrir samfélagið. Þetta getur t.d. gerst ef samfélagshópar sem verða fyrir mestum félagslegum og fjárhagslegum áhrifum eru ekki þeir sömu.